

Íslenska – nýja málið mitt  
Fjölskyldan og daglegt líf (bók 2 bls. 1 – 40)  
Talæfingar

Bls. 1:

1. Hver er að elda matinn?
2. Hvað er mamma að baka?
3. Hvað er Magnús litli að gera?
4. Hver er að leggja á borð?
5. Hvað eru Jóhann og Rúnar að gera?
6. Hver fór út í búð að kaupa ís?
7. Hvað er í kvöldmatinn?
8. Hvað er í eftirmatinn?

Bls. 2: Hvað gerist hér?

Bls. 3: Lestu upphátt hvað gerist hér.

Bls. 4: 1. Hvað segjum við þegar maturinn er tilbúinn?  
2. Hvað segjum við, þegar við erum búin að borða?  
3. Hverju svarar hann/hún, sem er búin(n) að elda matinn?

Bls. 5 Lestu upphátt hvað gerist hér.  
(Ertu með setningarnar á réttum stað?)

Bls. 6: Hvað er 1, 2, 3, 4 o.s.frv.?

Bls.7: (Æfa framburð!)

Bls. 8: Hvað er 1, 2, 3, 4 o.s.frv.?

Bls. 9: (Æfa framburð!)

Bls. 10: Hvað er 1 til 9 efst? Og 1 til 6 neðst?

Bls. 11: (Æfa framburð!)

Bls. 12: Ertu búin(n) að teikna, hvað þú vilt hafa ofan á pitsu?  
(Ertu með orðin á réttum stað?) (Ég vil hafa --- ofan á pitsu.)

Bls. 13: Hvað segir þú, þegar þú ert þyrst(ur)? Eða ef einhver spyr:  
Hvað langar þig að drekka? (mig langar að drekka---)

Helene Baatz 2004 Talæfingar, orðaforði úr námsefninu Íslenska nýja málið mitt.

Bls. 14: (Æfa framburð!) Mig langar að drekka ---

Bls. 15: Lestu upphátt!

Bls. 16: Hvað vilt þú borða? Ég vil borða ....  
Morgunmatur:  
Hádegismatur:  
Kvöldmatur:

Bls. 17: Á Íslandi? Heima? Meira? Minna?  
Lestu upphátt!

Bls. 18: Hvað gerist? Hvað heita herbergin?  
1. Hver er þetta? Hvað gerir hann?  
2. Hvað er pabbi að gera?  
3. Sara, stóra systir – hvar er hún?  
4. Anna, litla systir – hvað gerir hún?  
5. Við hvern er Magnús, litli bróðir að leika sér?  
6. Hvað gerir Jóhann?  
7. Hvað er Rúnar að gera?  
8. Hérna eru tvær konur. Hvaða konur eru það? Og hvað eru þær að gera?  
9. Hvar er mamma? Hvað er hún að gera?

Bls. 19: Nú les ég upphátt! Ertu búin(n) að merkja rétt?

Bls. 20: Hvað gerir þú heima hjá þér? Oft? Stundum? Aldrei?  
(ertu búin(n) að bæta einhverju við?)

Bls. 21: Lestu upphátt!

Bls. 22: Tveir og tveir leika/lesa samtalið.

Bls. 23: (Setja orðin í rétta röð!)

Bls. 24: Nú les ég upphátt! Skrifðu orðin eftir minni!

Bls. 25: (Búa til samtal!)

Bls. 26: Ég les (endurtaka) Nú les ég aftur.

Bls. 27: Merktu við með tölustaf á réttan stað

Bls. 28: Ertu búin(n) að stafa rétt?

Helene Baatz 2004 Talæfingar, orðaforði úr námsefninu Íslenska nýja málið mitt.

Bls. 29: Hlusta, endurtaka, skrifa. Nú les ég aftur.

Bls. 30: Hátíðir? Jól, afmæli, þjóðhátíð, páskar m.m.

Bls. 31: Ég á afmæli ---, pabbi, mamma, systkin, vinur, vinkona.

Bls. 32: Hlusta, endurtaka.

I hvaða skapi er Rúnar?

Hvers vegna?

Hvað er við rúmið hans?

Hvað gerir hann síðan?

Hverjum ætlar hann að bjóða í afmælisveislu?

Hvað er í pakkanum/pökkunum? (bolti, gítar, sex hvítar mýs, vasadiscó/útvarp) mús, mýs (kvk)

Bls. 33: (Setja orðin í rétta röð!)

Bls. 34: Nú les ég upphátt! Skrifaðu orðin eftir minni!

Bls. 35: Hlusta, endurtaka.

Hvað er “að naga”? (Mýsnar nöguðu)

Hvar eru mýsnar? Það er mús ---. **Ein er**

Það vantar eina mús. Hún er ---

(hafa pakka og “mús”) (lesa tvisvar)

Bls. 36-37: Spila minnispil, para saman.

Bls. 37-38: Spila minnispil, para saman.

Bls. 39: Hlusta, endurtaka. Teikna.

Bls. 40: Hlusta, endurtaka.

Skrifa númer gestanna á rétta línu.

Hvað er Siggí með?

Hver situr á móti honum?

Hver er með sítt hár?

Hver situr á milli Martins og Guðrúnar?

Hvað stendur fyrir framan Rúnar?

Syngja!

Fjölskyldan og heilbrigði (bók 2 bls. 48 – 94)

Talæfingar

- Bls. 46: Hlusta, endurtaka.  
Hvað þýðir það? (leika!) Skrifu þýðingar!  
(mundu eftir honum/henni í 8)  
Skrifa lýsingarorðin á blað/í stílabók í karlkyni og kvenkyni.
- Bls. 47: Hlusta og merkja við.  
Læra utanað, og svara: Honum/henni líður ---  
Við getum líka sagt: Í hvaða skapi er hann/hún?
- Bls. 48: Hlusta, endurtaka.  
Hvað ertu búin(n) að skrifa?  
Ef það væri þú? Hvað viltu skrifa? Ég er ---. Mér er ---  
Lestu upphátt, hvað þú ert búin(n) að skrifa.  
Hvenær notum við “Mér er ---?”
- Bls. 49: Hvaða setningahlutar finnst þér passa saman?  
(Stroka út lýsingarorðið sem þú notar ekki).
- Bls 50: Skrifðu orðin í réttri röð. (Fyrsta orðið byrjar á stórum staf)  
Lestu upphátt.
- Bls. 51: ?
- Bls. 52: Hlusta, endurtaka.  
Hvað geturðu sagt?  
Hvað ertu búin(n) að skrifa?  
Skilur þú svörin?  
Lestu upphátt, hvað þú ert búin(n) að skrifa.
- Bls. 53: Segðu frá einum degi í skólanum í heimalandi Þínu.  
Ertu búin(n) að teikna?  
Skilur þú spurningarnar?  
Skrifa svörin á blaðið á móti.
- Bls. 54: ?
- Bls. 55: Bekkjarfélagar mínir.
- Bls. 56: (Æfa framburð!)
- Bls. 57: Bentu á ---

Bls. 58: (Málband)

Hvað ert þú há/hár? Ég er --- cm á hæð.  
Hvað er höndin þín breið?  
Hvað er litlifingurinn á þér langur?  
Hvað er fóturinn á þér langur?  
Hvað er handleggurinn á þér langur?  
Hvað er stóratáin á þér löng?  
Hvað er fótleggurinn á þér langur?  
Hvað er faðmur þinn stór?

Bls. 59: Mælingar

Bls. 60: (Æfa framburð!)

Bls. 61: Bentu á ---

Bls. 62: Teiknaðu andlit og skrifaðu orðin við.

### Hjá skólahjúkrunarfræðingi.

Bls. 63: Finndu 5 atriði sem ekki eru eins.

Bls. 64: (Æfa framburð!)

Hvað fer í sjúkrakassann? (Plástur fer í sjúkrakassann)  
Finndu orðin.  
Hvað á ekki heima í sjúkrakassa? (Tannbursti á ekki heima í s.)

Bls. 65: Nú les ég upphátt! Endurtaka! (Æfa framburð!)

hann honum  
hún henni

Hvað gerist á mynd nr. 1, 2, 3, 4, Ég les. Bentu á staðinn.  
(Læra setningar utanað)

Bls. 66: Segðu frá

Bls. 67: Að vera illt/ekki illt.

Bls. 68: Hvaða setningar hafa sömu merkingu?

Settu viðeigandi tölustaf í reitina.

Þegar honum er illt í maganum, þá er hann með magapínu  
o.s.frv.

Bls. 69: Símaskrá:

Hvernig að leita?

Stafrófið!

(Mundu eftir að á Íslandi stendur skírnarnafnið fyrst!)

(Þegar margir eru með sama skírnarnafn, leita þá ættarnöfn/föðurnöfn.)

- 1: Hvað er að vera læknir?
- 2: Hvað er að vera tannlæknir?
- 3: Hvað er að vera augnlæknir?

Heilsugæslustöð: (á bls. 326-328)

- 4: Hvað er Heilsugæslustöð?
- 5: Hvað heitir heilsugæslustöðin þar sem þú býrð?

(Alexander: Heilsugæslan Grafarvogi	sími	585-7600)
(Cinthya: Heilsugæslan Mjódd	sími	513-1500)
(Kristine: Heilsugæslan Grafarvogi	sími	585-7600)?
(Norvell: Heilsugæslan Grafarvogi	sími	585-7600)
(Patchara: Heilsugæslan Efra-Breiðholti	sími	513-1550)
(Rashmi: Heilsugæslan Mjódd	sími	513-1500)
(Yodith: Heilsugæslan Efra-Breiðholti	sími	513-1550)

- 6: Klukkan hvað er hægt að panta tíma? Klukkan 8 – 17.

Lögreglan: (á bls. 505)

Að hringja í lögregluna.

Lögreglan í Reykjavík sími 569-9000

**Neyðarsími sími 112!** Hvað er það? **Hvenær notum við 112?**

Þegar það er hættuástand?

Hvað er hætta? Bruni, eldsvoði, eldur, slys, innbrot, ofbeldi.

- 7: Þú ætlar að kaupa íþróttaskó, hvert hringir þú?

Bls. 70: Í læknisskoðun.

- 1: Hvað er skoðun? að skoða
- 2: Hvers vegna/hvenær förum við í læknisskoðun?  
(að athuga? að fá að vita)  
(berklasmit? Sjúkdómur í lungunum)  
(röntgen-myndataka? taka mynd af t.d. lungunum)
- 3: Hvað gerði læknirinn? (mynd 2)
- 4: Hvert fór Sigrún einnig/líka? (mynd 3)
- 5: Hvað verður hún að gera eftir þrjá daga? (mynd 4)

Helene Baatz 2004 Talæfingar, orðaforði úr námsefninu Íslenska nýja málið mitt.

- Bls. 71: 6: Hvers vegna skrifaði læknirinn lyfseðil? (mynd 5)  
7: Hvert fór Sigrún? (mynd 6)  
8: Hvað stóð á lyfinu? (mynd 7)  
9: Hvenær átti hún að taka lyfið? (mynd 7)  
10: Hvenær var henni batnað? (mynd 8)

Bls. 72: Tannlæknir.  
Hlusta, endurtaka.  
Tveir og tveir leika/lesa samtalið.  
(Að vera kurteis: að kynna sig, segja hver þú ert, tala skýrt)

Hvað ert þú með margar fullorðinstennur?  
Hvað ert þú með margar barnatennur?  
Hvað ert þú með margar tennur alls?

Bls. 73: Jóhann er veikur.  
Hlusta, endurtaka.  
Þrír leika/lesa samtalið.  
“Hvar finnurðu til?”  
“Ég held að ég sé veikur”!  
Hvað er vera með hita?  
“Ég finn svo til”. Hvað þýðar það?  
Hvers vegna heldur litli bróðirinn að hann sé líka veikur?

Bls. 74: Merktu við rétt svar.  
Lestu upphátt.

Bls. 75: Litaðu súluna inn á hitamælana.  
Hækka, lækka.  
Búðu til línurit.  
Hvaða dag hækkaði hitinn? Hitinn hækkaði ---  
Hvaða dag fór hitinn að lækka? Hitinn fór að lækka ---  
Hvaða dag var Jóhann hitalaus Jóhann var hitalaus (á laugardaginn)

Bls. 76: Óhapp  
Hvað er óhapp? (happ, heppni, að vera heppin(n)) ó fyrir framan.  
Hvað þýðir: Ég meiddi mig! (að meiða, meiddi) Þátíð!  
Hvað þýðir: Ég datt (að detta, datt) Þátíð!  
Hvað þýðir: Það blæðir (blóð)  
Hvað þýðir: að hreinsa sárið (sáravatn)  
Hvað þýðir: Ég rakst á Svenna (að rekast, rakst) Þátíð!  
Hvað þýðir: Hann varð svo reiður (að verða, varð) Þátíð!  
Hvað þýðir: Hann hrinti mér (að hrinda, hrinti) Þátíð!  
Hvaða mynd er Rick að lýsa?

Helene Baatz 2004 Talæfingar, orðaforði úr námsefninu Íslenska nýja málið mitt.

Bls. 77: (Setja orðin í rétta röð!)

Bls. 78: Skrifaðu orðin í eyðurnar eftir minni!  
Tveir og tveir leika/lesa samtalið.

Bls. 79: Slys  
Lestu textann og strikaðu undir þau orð sem þér þykja erfið.  
Skrifaðu þau orðin á næstu síðu í vinstri dálkinn, og skrifaðu þá hvað orðin merkja/þýða í hægri dálkinn.  
Hvað þýðir dálkur / í dálkinn?  
Hvað þýðir orðið slys?  
Hvað er að vera vitni?  
Hvað er að vera lögregla?

(Forsetningar: yfir á, hinum megin á, út á, fyrir, á, til, um, fram úr)  
(Búa til götu)

Glósur:

gangbraut	út á gangbrautina	á gangbrautinni
gangstétt	ganga á gangstéttinni	
gata	á götunni	
stelpa	stelpu	til stelpunnar
vinstri	vinstra (megin)	
hægri	hægra (megin)	

Bls. 80: Glósubók:  
Hvaða orð ertu búin(n) að skrifa?

Bls. 81: Lestu textann á bls. 79 aftur.  
Endurtaka slysið.  
Sýndu með teikningu hvað gerðist.  
Raðaðu setningum í rétta atburðarás  
Glósur:  
að sýna sýndu! að raða raðaðu!  
atburðarás það sem gerðist regla/reglur lög um e-ð  
umferð (gangandi/hjólandi/keyrandi)  
umferðarreglur lög um hvernig að ganga/keyra í umferðinni

Bls. 82: Sjúkrahús (spítali)  
Lestu setningar. Hvaða setning passar á hvaða mynd?  
Finna réttan texta og skrifa undir viðeigandi mynd.  
Glósur:  
handlesbrotnaði fótbrotnaði  
meiddist slasaðist umbúðir  
í gifsi í hjólastól á hækjum



Helene Baatz 2004 Talæfingar, orðaforði úr námsefninu Íslenska nýja málið mitt.

Mynd númer 1: Hvar er Fatima? Hún er á sjúkrahúsi  
Hvers vegna? Hún er með fótinn í gífsi  
Mynd númer 2: Hvar er Fatima núna? Hún fer í hjólastól.  
Mynd númer 3: Hvar er Fatima hérna? Hún er á hækjum.  
Mynd númer 4: Hvað gerir Fatima síðast? Hún hjólar.

Bls. 83-84: Starfsheiti:

Hvað ætlar þú að verða þegar þú ert orðin/orðinn stór?  
Glósaðu starfsheiti yfir á móðurmálið þitt. (1-18)  
Bæta við 19-21

Bls. 85: Hlusta og endurtaka

Bls. 86: Merktu við með tölustaf.

Bls. 87: Hlusta og endurtaka

Bls. 88: Merktu við með tölustaf.

Bls. 89: Hvað gerir starfsfólkið?

Bls. 90: Merktu við með tölustaf. Svára í heilum setningum  
Dæmi: Leikskólakennarinn kennir börnum í leikskólanum  
(sleppa spurnarorðið, breyta setningin, finna svárið, skrifa)

Bls. 91: Við hvern getur þú sagt?  
Glósur: heilhveiti – brauð? dýfa – með dýfu  
skiptimiða? að rata?

Bls. 92: Satt eða ósatt

Bls. 93: Merktu við með krossi í reitinn við rétta mynd.

Bls. 94: Krossgáta upprifjun: Leita fyrir framan.  
1 – 10 lárétt. Lausnarorðið 1 loðrétt.

Íslenska – nýja málið mitt  
Umhverfi (bók 2 bls. 95 – 147)  
Talæfingar

- Bls. 96: Útlit:  
Hvað er vegabréf? Áttu vegabréf?  
Þurfum við alltaf að nota vegabréf?  
Hvers vegna?  
Vegabréf (textar á íslensku, ensku og frönsku)  
Kenninamn: **Baatz**  
Eiginnöfn: **Helene Marie**(stundum fleira)  
Ríkisfang: **Danskt**  
Augnlitur: **brúnn**  
Hæð: **165 cm**  
Kyn: **kvenmaður/kona** (karlmaður)  
Kennitala: **240740-2229**  
Sérkenni: **með gleraugu** (dæmi: fæðingarblettur)  
Heimili: **Fjallalind 78, 201 Kópavogur**  
Börn, eiginnöfn, fæðingardagur og ár, kyn
- Bls. 97: Litaðu hér á stelpum 1 – 5:  
Litaðu augu 6 – 10  
Lýsingarorð 11 – 14 í kk og kvk

Lýsing: að lýsa eftir stelpu. Stelpan er horfin.

Hlusta og endurtaka.	
Teiknaðu og litaðu.	
Hún heitir <u>Sólveig</u>	en það er lýst <u>eftir Sólveigu.</u>
Þú segir <u>bláar gallabuxur</u>	en hún var <u>í bláum gallabuxum</u>
Þú segir <u>gulur jakki</u>	en hún var <u>í gulum jakka</u>
Þú segir <u>hvítir skór</u>	en hún var <u>í hvítum skóm</u>

- Bls. 98: Hlusta og endurtaka.  
Lesu svo aftur sjálf(ur).  
Skrifaðu réttan tölustaf við setningarnar.

Ertu með sítt hár?	Ertu með stutt hár?
Ertu með hrokkið hár?	Ertu með liðað hár?
Já, ég er með ---	Nei, ég er ekki með ---

Ertu með stórt/lítið nef?	Ertu með gleraugu?
Ertu með derhúfu/húfu/hatt?	

Helene Baatz 2004 Talæfingar, orðaforði úr námsefninu Íslenska nýja málið mitt.

Bls. 99: Hlusta og endurtaka og svara spurningum

Bls. 100: Hlusta og endurtaka.  
Líkir/ólíkir                      ó fyrir framan              andstæður/andheiti

Eruð þið (---) jafnstórir/stórar/stór?

Eruð þið (---) dökkhærðir/dökkhærðar/dökkhærð?

Báðir/báðar/bæði

Bls. 101: Hlusta og endurtaka.  
Sigrún og Vala eru líkar/ólíkar?  
Útlit?              Hár?              Augu?              Stærð?              Þyngd?  
Áhugamál?

Bls. 102: Hlusta og skrifa eftir minni í eyðurnar.

Bls. 103: Búa til setningar.

Bls. 104: Andheiti. Hlusta og endurtaka.

Búa til setningar, skrifa:

Kötturinn er feitur/mjór.

Maðurinn er gamall. / Strákurinn er ungur.

Pokinn er léttur/þungur.

Blýanturinn er langur/stuttur.

Maturinn er heitur. / Ísinn er kaldur.

Búa til spurningar:

Ertu gamall/gömul? Nei, ég er ung(ur).

Ertu feit(ur)? Nei, ég er mjó(r).

Er blýanturinn þinn langur? Já, hann er langur.

Nei, hann er ekki langur. Hann er stuttur.

Er skólataskan þín létt? Nei hún er þung.

Er maturinn þinn heitur? Já, hann er heitur.

Nei, hann er kaldur.

Bls. 105: Stigbreyting:. Hlusta og endurtaka.

mikið              meira              mest

langur              lengri              lengstur

stuttur              styttri              stystur

fljótur              fljótari              fljótastur

Lestu næst allar setningar án stuðnings

Helene Baatz 2004 Talæfingar, orðaforði úr námsefninu Íslenska nýja málið mitt.

Bls. 106: Stigbreyting: Hlusta og endurtaka.

lítill	minni	minnstur
stór	stærri	stærstur
ungur	yngri	yngstur
gamall	eldri	elstur

Lestu næst allar setningar án stuðnings.

Bls. 107: Teiknaðu eftir fyrirmælunum.

(breiður - breiðari)	(jafnstórt)
(minni - minna)	(mjór - mjórri)

Bls. 108: Næst – næstur: Hlusta og endurtaka.

Að vera næst einhverjum/einhverju.

Að vera næst/næstur í röðinni.

Lestu næst allar setningar án stuðnings.

Bls. 109: Næst – næstur: Hlusta og endurtaka og skrifa rétta tölustafi við viðeigandi mynd  
Svara svo spurningunum á neðri hluta blaðsins.

Bls. 110: Næstfyrst(ur) / næstsíðastur/næstsíðust

Hlusta og endurtaka.

Lestu næst allar setningar án stuðnings.

Búa til svipuð verkefni. (boltar, bækur, blýantar, persóna

Dæmi:

Næstelst(ur), næstýngst(ur), næstminnst(ur), næstlengst(ur), næststýst(ur), næststærst(ur), næstfljótast(ur) o.s.frv.

Bls. 111: Lestu og merktu við samkvæmt fyrirmælum.

Svaraðu svo spurningunni neðst á blaðinu með eigin orðum.

(Gamla konan er næstfyrst í röðinni.)

Bls. 112: Hvað ert þú gamall/gömul? Hlustaðu og lestu án stuðnings.

Tvö ár tveimur árum (yngri/eldri)

(Jón er 16 ára Rósa er 14 ára Gunnar er 10 ára

Anna er 7 ára Stefán er 5 ára)

(Stefán er yngstur af systkinunum.)

(Þau eru samtals 52/fimmtíu og tveggja ára gömul.)

Hve lengi?

Hvað er Jón margar klukkustundir í skólanum?

(Hann er 7 klukkustundir í skólanum á dag)

Hvenær er Anna búin í skólanum? (Hún er búin kl. 13 (eitt)

Hvað er Stefán margar klst. í leikskólanum? (8 klst.)

(Stefán er lengst í skólanum, Jón er næstlengst.

Helene Baatz 2004 Talæfingar, orðaforði úr námsefninu Íslenska nýja málið mitt.

Bls.113: Sólkerfið: